

## Örlög Úkraínu og heimsins. Er NATO leigumorðingaskrifstofa?

Finnska teitistildran, Sanna Marin, forsætisráðherra þjóðar sinnar, og fjölfróður fyrirlesari – alla vega hjá Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) - um varnir Evrópu, virðist hafa steingleymt öllum ráðum Uhro Kekkonen (1900-1986), landa síns og fyrrum forsætisráðherra. Hann var einn af merkustu stjórnámálamönnum álfunnar. Uhro var maður sátta, samlyndis og samninga, friðarsinni og raunsæisstjórnámálamaður af bestu gerð. Þeir eru jafn sjaldgæfir og hvítir hrafnar um þessar mundir. Finnar og veröldin öll eiga honum mikið upp að inna.

Sönnu er það - eins og vorum eigin kvenfrelsunarráðherrum – mjög í mun, að Nató vinni fullnaðarsigur á Rússum í Úkraínu. Það felur í sér, að barist verði til síðasta drengnokka í landinu. Hugsun þeirra virðist gerólík hugsun Nóbelskáldsins, sem þótti það hollt úngum drengjum að tölta um tún.

Stríðsbrjálæðingar á Íslandi, Finnlandi og víðar, vilja hins vegar láta þá tölta um tryllingslega stríðsvelli, þar sem flestir þeirra verða vafalaust skotnir í tætur eins og ungu drengirnir í liði breska heimsveldisins fyrr á árum.

Síbylja stríðsæsingaáróðurs stjórnvalda og fjölmiðla á Vesturlöndum glymur nær látlaust í eyrum. Íslendingar verða jafnframt herskárri. Gamlir draugar á borð við Rússagrýlu og íslenskan her eru endurvaktir. Þórdís Kolbrún er kokhraust og ber sér stríðsglöð á brjóst. Henni svellur stríðsmóðurinn, enda af miklum valkyrjum komin.

Íslenska ríkisstjórnin ætlar sér að skattleggja íslenska borgara enn meira til að fjármagna stríð. Tveir af hundraði ríkisútgjalda skal renna til hernaðar. Norski forsætisráðherrann býr norska skattgreiðendur undir enn þá hærri skatta til Úkraínu. „Stríð Úkraínnumanna er okkar stríð,“ segir hann. Danska þingið hefur samþykkt að kaup eftirlits- og stríðsflygildi til Grænlands. Auk þess á að stofna grænenska herdeild. Færeyskur her kynni að einnig að verða til.

Umsvif verndara okkar á Keflavíkurflugvelli aukast enn. Herstöðin er orðin bækistöð fyrir hryðjuverk. Í raun réttir er Ísland herstöð Bandaríkjamanna/Nató eins og áður. Hernaðarlegt mikilvægi hennar eykst með stígandi spennu á norðurslóðum. Bandaríkjamenn og Nató styrkja herstöðvakeðjuna í Noregi, Grænlandi og Íslandi. Það eru verulegar líkur til, að þeir hafi komið fyrir kjarnorkuvopnum í Noregi. Þetta er svipuð þróun og í Suðaustur Asíu, þar sem Kínverjar eru nú umkringdir.

Þórdís Kolbrún, Annalena, Kaja, Kamala, Mette, Liz, Anniken, Magdalena og Sanna, eru að verja frelsi okkar og lýðræði á Vesturlöndum. Því eru þær líklega jafn herskáar og raun ber vitni. En ætli þær væru jafn ódeigar skrifstofuskjadmeyjar, ef konum væri att á frelisisforaðið? Liz og Magdalena heltust að vísu úr vígtólalestinni eins og Jacinda og Nicola úr veiruvígs- og kynleysulestinni. En hinar berjast ótrauðar áfram, þrátt fyrir, að hernaðarsérfræðingar Vesturlanda búi þær undir tap í hinu heilaga lýðræðisstríði í Úkraínu.

Meira að segja finnskur málaliði Sönnu, sem þjálfað hefur stráklingana í Úkraínu, er orðinn mjög svartsýnn á sigur sameinaðra frelsisherja Evrópu. Hann segir úkraínska herforingja styðjast við stríðsleiki. Úkraínkir hafa, að sögn hans, mikið álit á hermennsku sinni. En menn verða ekki góðir hermenn af því að hínast hræddir í kulda og trekki skotgrafanna, bendir finnski herþjálfinn á.

Bandaríski herforinginn, Daniel Davis, reynir að koma svipuðum skilaboðum til hins hnífskarpa forseta síns, Jósefs, og biður hann lengst allra orða, að ganga ekki lengra í stríðinu við Rússa, því Bandaríkjamenn geti ekki borið sigurorð af þeim.

En það kynni að vera vonarglæta til friðar, áður en veröldinni verður tortímt, þrátt fyrir friðsama og ástsæla kvenfrelsara til rórs. Raddir þeirra, sem syngja með Bítlunum, „Give Peace a Chance,“ heyrast nú betur (nema á RÚV náttúrulega). Norræn friðarsamtök skipa sér í flokk og Larouche friðarsamtökin hafa gefið út skýrslu, sem nær til fimm síðustu áratuga. Þar er því haldið fram, að Nató sé í raun leigumorðingjaskrifstofa.

Í skýrslunni má m.a. lesa: Það er áberandi, hversu slæma útreið þeir leiðtogar fá, sem dirfast að móta stefnu um frið og jákvæða þróun. Það er vegið að þeim með ýmsum hætti, þeim er steypt af stóli við litaskrúðsbyltingar (color revolutions) eða hreinlega drepnir [ófáir Bandaríkjaforsetar eru í þeim hópi]. Þannig skapa angló-amerískir auðdrottinnar skelfingu meðal fólks og berja almenning og stjórnvöld til hlýðni við eigin „regluvæddu skipan heimsins“ (rule based order). [Það ber ekki á öðru, en Katrín sé afskaplega hlynnt þessari skipan mála.]

Það ber nauðsyn til að brjóta bresku stríðsvélina á bak aftur. Það felur í sér að leysa upp Nató og stuðla þannig að varanlegri tilvist mannkyns.

Því má bæta við, að hernaðarauðdrottinnar veraldar hafa verið undirrot styrjalda um áratugi og aldir - til að græða peninga. Nú eru veirustríð einnig orðin vinsæl gróða- og kúgunarleið.

Það er hryggilegt til þess að hugsa, að fjölmiðlar og stjórnvöld á þeirra vegum eða undir áhrifum þeirra, skuli fljóta sofandi að feigðarósi kynslóð fram af kynslóð. Klettafjallaskáldið góðkunna reyndi að spyrna við, þegar herkvaðningarsefasýkin rann á íslenska Kanadamenn fyrir fyrsta heimsstríðið. Hann kallaði okkur „smalaða hjörð.“ Hluti hjarðarinnar hefur verið dreginn í Alþingisdilkinn. Þeir heittrúuðustu verma stóla ríkisstjórnarinnar.

Á meðan heldur Volodymyr áfram betli sínu um vígtól og peninga. Hann leikur enn á ný þann eldfima leik, tálhernaðarleikinn, sem er til þess fallinn að mana Rússa til heiftúðlegri hernaðaraðgerða og skattgreiðendur Vesturlanda til aukinnar gjöfli, sbr. síðustu árásir í Bryansk héraðinu með dyggri aðstoð hryðjuverkasveita Nató.

Samtímis feta Rússar nú í fótspor Bandaríkjamanna og segja upp samningum um beitingu kjarnorkuvopna. Bandaríkjamenn róa að því öllum árum, áamt Ísrael og „mannréttindasamtökum“ auðdrottanna, að steypa stjórn Írans einu sinni enn. Það eru ýmist njósnir Mossad um framleiðslu kjarnavopna eða kúgun kvenna, sem eru tylliástæður uppbotanna. En kjarnorkusprengrur eru á hverju strái eins og t.d. í Ísrael - og víða brjáláð fólk við stjórnvölinn.

Aukin heldur er undirbúið stríð á hendur Kínverjum af hálfu Nató, Bandaríkjanna og Japan. Vissulega er það svo, að sagan endurtaki sig ekki, en aflvaki þróunarinnar er í megindráttum sá sami og fyrir fyrstu heimstyrjöld og framhald hennar tveim áratugum síðar.

Sá merki maður, Sigmund Freud (1856-1939), upphafsmaður sálkönnunar (psychoanalysis), lifði af fyrsta helvítishildarleikinn, en lést rétt um það leyti, sem framhaldið hófst. Því meira sem hann gruflaði og skoðaði mannlegt eðli, því sannfærðari varð hann um, að maðurinn væri haldinn tortímingarhvöt. Ætli hann hafi haft rétt fyrir sér?

<https://api.army.mil/e2/c/downloads/2021/03/15/9944046e/regaining-arctic-dominance-us-army-in-the-arctic-19-january-2021-unclassified.pdf>

<https://laroucheorganization.com/sites/default/files/2023-02/2023%20TLO%20Assassination%20Bureau.pdf>

<https://www.berlingske.dk/globalt/donald-trumps-oenske-om-at-koebe-groenland-var-foerste-tegn-arktisk-kan>

[https://steigan.no/2023/03/arktisk-den-nye-kalde-krigens-vinder-uler-ved-polarsirkelen/?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://steigan.no/2023/03/arktisk-den-nye-kalde-krigens-vinder-uler-ved-polarsirkelen/?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.fredsministerium.dk/22nyheder.php#221113>

<https://steigan.no/2018/09/kina-vil-bygge-silkevei-til-gronland/>

<https://arbejderen.dk/udland/ung-groenlaender-afviser-usas-militaer-og-kolde-krig-i-arktis/>

<https://konfront.dk/groenland-er-ikke-til-salg/>

<https://www.alinget.dk/artikel/189931-forsvarskonsulent-saadan-smider-usa-danskerne-ud-af-groenland>

<https://www.fmn.dk/da/nyheder/2021/politisk-aftale-om-arktisk-kapacitetspakke-til-15-mia.-kroner/>

<https://www.sn.dk/udland/blinden-fik-klimabekymringer-bekraeftet-paa-tur-til-indlandsisen/>

<https://www.aftenposten.no/norge/politikk/i/5BWPj6/stoere-om-neste-aars-budsjett-krigen-i-ukraina-vil-prege-statsbudsjettet-direkte>

<https://www.indianpunchline.com/ukraine-a-war-to-end-all-wars-in-europe/>

[https://corbette.report.substack.com/p/flashback-the-real-middle-east-nuclear?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email#play](https://corbette.report.substack.com/p/flashback-the-real-middle-east-nuclear?utm_source=substack&utm_medium=email#play)

<https://caitlinjohnstone.com/2022/12/23/the-claim-that-the-ukraine-war-advances-us-interests-discredits-the-claim-that-its-unprovoked/>

<https://www.cnbc.com/2023/02/09/bakhmut-on-a-knife-edge-as-russia-claims-its-soldiers-are-in-the-city.html>

[https://korybko.substack.com/p/zelenskys-fearmongering-about-a-nato?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/zelenskys-fearmongering-about-a-nato?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.forbes.com/sites/davidaxe/2023/02/19/ukraine-wanted-whole-brigades-of-western-tanks-its-getting-fractions-of-them-instead/?sh=f65b08566d52>

<https://abcnews.go.com/International/wireStory/ukraine-official-military-pull-back-bakhmut-97545605>

<https://www.nytimes.com/2023/03/01/world/europe/ukraine-bakhmut.html>

<https://www.nytimes.com/live/2023/01/31/world/russia-ukraine-news>

<https://www.npr.org/2023/01/16/1149375103/what-russias-claim-on-the-capture-of-soledar-means-for-ukraine>

<https://www.washingtonpost.com/world/2023/03/03/bakhmut-battle-ukraine-russia/>

[https://korybko.substack.com/p/analyzing-the-nato-backed-neo-nazi?utm\\_source=substack&utm\\_medium=email](https://korybko.substack.com/p/analyzing-the-nato-backed-neo-nazi?utm_source=substack&utm_medium=email)

<https://www.cnbc.com/2023/03/04/russia-close-to-encircling-ukraines-bakhmut-after-months-of-fighting.html>

<https://www.telegraph.co.uk/world-news/2023/03/03/ukrainian-troops-detonating-bridges-withdrawal-encircled-bakhmut/>

<https://www.politico.com/news/2023/01/23/u-s-ukraine-russia-military-gains-00079041>

<https://www.nytimes.com/2023/03/03/world/europe/bakhmut-ukraine-russia.html>

<https://www.19fortyfive.com/2023/03/bakhmut-hangs-by-a-thread-what-its-likely-loss-means-for-ukraine/>

<https://www.independent.co.uk/world/russia-tanks-aircraft-ukraine-b2279724.html>

<https://geopoliticeconomy.com/2023/02/28/arctic-new-cold-war-us-russia-china/>

<https://www.foxnews.com/media/daniel-davis-catastrophic-us-ukraine-russia>

<https://svenska.yle.fi/a/7-10029576>

<https://yle.fi/a/74-20019659>